

Tölvubréf til íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts dags. 18. mars 2020 frá umhverfis- og skipulagssviði.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu 16. mars s.l. Tillagan er í kynningu frá 16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/ellidaardalur>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. febrúar 2020 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 3. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 frá **16. mars 2020 til og með 29. apríl 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. apríl 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

_____ Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum:
<http://www.reykjavik.is/trunadur>